

Fundargerð 25. fundar ferðamálaráðs – 28. jan. 2009

Fundurinn var haldinn í iðnaðarráðuneytinu föstudaginn 28. janúar 2009, kl. 8.30.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Dóra Magnúsdóttir, Einar Karl Haraldsson, Helgi Már Björgvinsson, Jón Ásbergsson og áheyrnarfulltrúarnir Ólöf Ýrr Atladóttir og Helga Haraldsdóttir sem ritaði fundargerð. Forföll: Dagur B. Eggertsson. Jón Ásbergsson. Pétur Rafnsson, Sævar Skaptason og Gunnar Sigurðsson.

Gestur fundarins var Sigrún Sigurðardóttir, forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálastofu.

Dagskrá:

1. Tillögur Ferðamálastofu fjárlagalið 1.44 árið 2009
2. Hvalveiðar Íslendinga.

1. Tillögur Ferðamálastofu um fjárlagalið 1.44 árið 2009, 105 millj.

Ferðamálastjóri og forstöðumaður markaðssviðs lögðu fram tillögu ásamt drögum að auglýsingu og rökstuðningi fyrir því að samningur um áframhald verkefnisins Iceland Naturally í Evrópu verði ekki endurnýjaður að sinni. Þess í stað verði fjármunir nýttir til þess að ráðast í

70 m.kr. markaðsátak í Evrópu sem byggir á samstarfsverkefnum og verði auglýst m.t.t. að það vekir athygli innlendra og erlendra hagsmunadila. Gert er ráð fyrir að samstarfsaðilar tvöfalda fjármuni hins opinbera og þannig komi um 140 m.kr. til ráðstöfunar til samstarfsverkefna á meginlandi Evrópu, í Bretlandi og á Norðurlöndunum. Tillagan gerir jafnframt ráð fyrir að 35 m.kr. fari í ýmis markaðsverkefni Ferðamálastofu (sjá meðf.).

Miklar umræður spunnust um málið og bókaði HMB að hann leggist gegn því að Iceland Naturally verkefnið í Evrópu verði lagt niður í núverandi mynd.

Tillaga Ferðamálastofu var samþykkt með þeim eindregnu tilmælum að auðkenni og innihald Iceland Naturally í Evrópu verði nýtt eftir megni svo verðmæti vörumerkisins glatist ekki. Ráðuneytið tók jafnframt mál IN í Evrópu til skoðunar með það fyrir augum að styrkja verkefnið og halda því þá áfram strax á næsta ári.

Drög að auglýsingu voru rædd ítarlega og komu fram margar breytingartillögur um efnisatriði hennar. Ákveðið var að senda ráðinu drög að auglýsingunni og óska eftir athugasemdum ráðsmanna.

JÁ fór af fundinum og EKH þurfti að víkja frá.

2. Hvalveiðar Íslendinga.

Formaður frestaði umræðum um málið þarf sem einungis fjórir fltr. ferðamálaráðs voru eftir á fundinum.

Fundi slitið kl. 9:40. Næsti fundur ekki ákveðinn.

Tillaga Ferðamálastofu v. 1.44, 105 millj. 2009:

Gert er ráð fyrir að auglýst verði eftir verkefnum strax að fengnu samþykki ráðuneytis og að umsóknartími miðist við að um sé að ræða verkefni sem geti nýst við markaðssetningu sumarsins 2009 annars vegar og haust- og vetrartímabilsins 2009-2010 hins vegar.

Sértæk verkefni á einstökum lykilmörkuðum í Evrópu 20 millj.kr.

Bretland 7 millj.kr.

Blaðamannaferðir með flugfélögum og söluaðilum, FAM ferðir, kynningar, markpóstur með söluaðilum, bæklingadreifing á neytendasýningum, uppfærsla og „hvatning“ vegna Iceland Informer, workshop með Finnland & Baltica, keyptar umfjallanir (advertorial),

Evrópa 7 millj.kr.

Blaðamannaferðir með flugfélögum og söluaðilum, HR3 útvarpsherferð með Icelandair, kynningar, dreifing efnis á neytendasýningum í DE,NL,IT, Pr.þjónusta FR, FAM ferð fyrir söluaðila FR, ferðasýningar FR,ESP,IT

Norðurlönd 6 millj.kr.

Blaðamannaferðir með flugfélögum og söluaðilum, FAM ferðir, workshop TUR og „mötebörsen“ aðkoma að Riding across Denmark, TV4, markpóstur með söluaðilum, MATKA sponsorship, kynningar, bæklingadreifing á neytendasýningum.

Önnur verkefni Ferðamálastofu 15 millj.kr.

N-Ameríka 5 millj.kr.

Blaðamannaferðir og þátttaka í sýningum

Asía 2 millj.kr.

Aðallega þýðing á kynningarefni

Endurnýjun á vef 3 millj.kr.
Til viðbótar framlagi Ferðamálastofu til þessa

Annað myndefni 2 millj.kr
T.d. veggspjöld, samstarf um myndefni

Ýmis lítil verkefni 3 millj.kr.
M.a. á sviði menningar og til að bregðast við ýmsum tækifærum

Samstarfsverkefni á sviði markaðssetningar í Evrópu 70 millj.kr.
(3 styrkir, 10 mkr. hver; 4 styrkir, 5 mkr. hver; 10 styrkir, 2 mkr. hver, sjá drög að auglýsingu)